

Nd.

43. Frumvarp til laga

[43. mál]

um brunavarnir og brunamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I. KAFLI

Stjórn brunamála.

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

2. gr.

Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

Ráðherra skipar 6 manna stjórn brunamálastofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og tvo menn eftir tilnefningu brunatryggingafélaganna í landinu. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðherra brunamálastjóra. Skal hann vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum.

Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu og er jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

3. gr.

Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

- a. Að leiðbeina sveitarstjórnnum (bæjarstjórnnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.
- b. Að hafa á hendi yfirumsjón með brunavarnaeftirliti sveitarfélaga og öllum meiriháttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og bensín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv.
- c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiriháttar breytingum á mannvirkjum töldum í b-lið, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum sem að brunamálum lúta sé fullnægt.
- d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.
- e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, gangast fyrir reglubundnum námskeiðum fyrir slökkviliðsmenn og undirbúa reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
- f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála, leiðbeina um val og uppsetningu á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.
- g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi, þar með talið að kynna hönnuðum mannvirkja nýjungar á sviði brunavarna og gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og tæknimenn sveitarfélaga.
- h. Að semja árlega skýrslu um orsakir eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra birtar opinberlega.
- i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál, og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.
- j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

4. gr.

Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum í samræmi við kröfur, sem nánar skal kveða á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál, og kosta þær.

Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri fara með brunavarnamál sveitarfélagsins.

Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (slökkviliðsstjóra), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálastjóra.

Félagsmálaráðherra getur að fenginni umsögn brunamálastofnunar undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

II. KAFLI

Um slökkvilið og slökkvistarf.

5. gr.

Sveitarfélögum er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði. Þeim ber að hlutast til um, að nægilegt vatn sé fyrir hendi til slökkvistarfs.

Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða.

6. gr.

Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum.

7. gr.

Allir verkfærir menn 18—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga allt að 20 klst. á ári, og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum, skv. nánari reglum um útköll. Sveitarstjórn skipar menn í slík slökkvilið eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar, en hafa skal hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna.

8. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur samkv. 7. gr. eða fella þær niður.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

9. gr.

Slökkviliðsstjóra, eða staðgengli hans, er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt, og getur enginn vinnufær maður skorast undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

10. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 29. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971. Þeir, sem verða fyrir tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af váttryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag um bætur, skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

11. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið sveitarfélag þeirri skyldu að hafa slökkvilið, ef það hefur samið um, að slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélagi annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning, og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn brunamálastofnunarinnar.

12. gr.

Verði eldur laus eða bráð hættu er á, að svo fari, þá skal sá, er þess verður vís, slökkva eldinn eða afstýra hættu, ef honum er það kleift. Geti hann það ekki, skal hann tafarlaust aðvara þá, sem kunna að vera í hættu, og kveðja til slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp.

13. gr.

Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því, að brotið verði niður og rutt burt því, sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að rífa niður byggingar, ef slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld, sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf, þegar eldsvoða ber að höndum.

14. gr.

Fjártjón, sem hlýst af ráðstöfunum samkv. 13. gr., telst brunatjón.

15. gr.

Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu, skal hann ásamt lögregluliði staðarins annast löggæslu við slökkviliðsæfingar og slökkviliðsstörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi, sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæslulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögreglulið skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, og varðveita muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

16. gr.

Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim, sem þessir aðilar kveðja til, að fjarlægja hvern þann, er truflar slökkvistarf, og gera fullnægjandi ráðstafanir til að hann valdi ekki frekari truflun.

17. gr.

Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin undæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni, hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því, að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags, sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari (í Reykjavík yfirborgardómari) í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. KAFLI

Um brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

18. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastofnuninni.

19. gr.

Eiganda eða umráðamanni fasteignar eða annars mannvirkis er skylt að leggja til og Halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til björgunar á fólki úr eldsvoða. Hann skal, að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talist kostnaðar vegna, sjá um, að fyrir hendi séu tæki og útbúnaður til viðvörunar svo og til að slökkva og hefta útbreiðslu elds. Einnig ber honum að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

Félagsmálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum brunamálastofnunarinnar, lagt svo fyrir, að stærri fyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að sporna við eldsvoða hjá sér, t. d. með útvegum sérstaks búnaðar til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

20. gr.

Nauðsynlegum útbúnaði vegna almennra brunavarna má koma fyrir, hvar sem slíkt telst nauðsynlegt, ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum fyrir eiganda. Slökkviliðsstjóri skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir.

21. gr.

Fara skal þannig með eld eða eldfim efni, að sem allra minnst hættu sé á því að eldsvoði geti af því hlotist.

IV. KAFLI

Um tilkynningu eldsvoða og rannsókn.

22. gr.

Sá, sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans stað, er skyldur að tilkynna brunann hlutaðeigandi tryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 15. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

23. gr.

Lögreglustjóri skal sjá um, að lögreglurannsókn fari fram þegar eftir brunatjón. Réttarrannsókn þarf hins vegar ekki að fara fram, ef brunatjón er óverulegt og eldsupptök kunn. Afrit af gögnum um hverja slíka rannsókn ber að senda viðkomandi tryggingafélagi og brunamálastofnun, þegar er þau liggja fyrir.

V. KAFLI

Um brunavarnagjald o. fl.

24. gr.

- a. Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1,5% af brúttóiðgjaldtekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Viðlagatrygging skal reiknuð með sem gjaldskyld trygging í þessu efni, þar eð hún innifelur brunatjón af völdum náttúruhamfara. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldtekjur yfirstandandi árs hverju sinni samkvæmt áætlunum tryggingafélaga og ákvörðunum þeirra í ársbyrjun um iðgjöld. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.
- b. Brunamálastofnun skal semja gjaldskrá og leggja hana fyrir ráðuneytið til staðfestingar. Í gjaldskrá þessari skal kveðið á um sköðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.
- c. Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

25. gr.

Slökkviliðsstjóra ber að hafa eftirlit með því í sínu umdæmi, að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

Honum og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um hóbýli manna, vinnustaði og aðra þá staði, þar sem eftirlits skv. 1. mgr. er þörf.

26. gr.

Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eða reglugerðar samkvæmt þeim eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Þegar svo stendur á og upp kemur ágreiningur milli hans og húsráðanda um úrbætur, ber slökkviliðsstjóra tafarlaust að vísa málinu til Brunamálastofnunar ríkisins, sem úrskurðar ágreininginn. Slökkviliðsstjóra eða brunamálastjóra ber að kæra brot til héraðsdómara sé ekki farið að úrskurði þeirra.

Að fengnu samþykki Brunamálastofnunar ríkisins getur slökkviliðsstjóri í samráði við lögreglustjóra eða héraðsdómara ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað húsráðanda eða ákveðið dagsektir á hendur honum allt að 0,1% af brunabótamati viðkomandi byggingar á dag, uns úr verður bætt. Dagsektir renni til ríkissjóðs. Þá getur slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri ákveðið, ef almannahætta stafar af því, að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt, að stöðva rekstur í viðkomandi byggingu og loka henni, þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðila.

27. gr.

Nú telur brunamálastjóri, að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 26. gr. Hefur brunamálastjóri þá rétt til að beita þeim heimildum, sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein.

Ef brunamálastjóri telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs, að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið.

28. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu brunamálastjóra, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

29. gr.

Um matsgerðir samkvæmt lögum þessum fer að almennum reglum og venjum um mót dómkvaddra matsmanna. Meta skal raunverulegt fjártjón hverju sinni.

30. gr.

Gjöld og dagsektir skv. lögum þessum, svo og kostnað skv. 2. mgr. 26. og 27. gr., má innheimta með lögtaki.

31. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 55 22. maí 1969 um brunavarnir og brunamál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 26. mars 1980 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að endurskoða lög og reglugerð um brunavarnir og brunamál, gera úttekt á stöðu og starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins og gera tillögur um æskilegar breytingar á starfssviði og starfsemi hennar, svo og um skipulag brunavarna í landinu almennt og tengsl þeirra mála við ýmsa þætti.

Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, Gísli Kr. Lorenzson, varaslökkviliðsstjóri á Akureyri, Héðinn Emilsson, deildarstjóri, Magnús Skúlason, arkitekt og Guðmundur Magnússon, verkfræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Frumvarp þetta er niðurstaða nefndarinnar hvað varðar endurskoðun gildandi laga um brunavarnir og brunamál, nr. 55 22. maí 1969.

Helstu breytingar sem frumvarp þetta felur í sér eru þessar:

1. Nánar verði kveðið á um hlutverk brunamálastofnunar varðandi kynningu og fræðslu, svo og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.
2. Öll sveitarfélög verði skylduð til að halda uppi brunavörnum, nema ráðherra veiti sérstaka undanþágu.
3. Brunamálanefndir sveitarfélaga verði afnumdar sem ákvörðunaraðili um meðferð brota á lögum og reglugerð um brunavarnir og brunamál, en vald og skyldur slökkviliðsstjóra aukin í þessum efnum. Jafnframt komi skýrari ákvæði um meðferð slíkra mála.
4. Tekjustofnar brunamálastofnunar verði styrktir með hækkun brunavarnagjalds og breyttum reglum um álagningu þess.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Á 2. mgr. 2. gr. gildandi laga er gerð sú breyting að brunatryggingafélögin í landinu tilnefni tvo menn í stjórn brunamálastofnunarinnar í stað Sambands íslenskra tryggingafélaga. Réttara þótti að aðild að stjórn stofnunarinnar væri bundin við þau félög ein, sem annast brunatryggingar, fremur en Samband íslenskra tryggingafélaga, sem hefur innan sinna vébanda tryggingafélög, sem ekki annast slíkar tryggingar.

Þá er sú viðbót gerð varðandi kröfur um menntun brunamálastjóra, að arkitektar verði hlutgengir til starfans jafnhliða verkfræðingum og tæknifræðingum.

Eðlilegt þykir að brunamálastjóri annist og beri ábyrgð á ráðningu starfsfólks stofnunarinnar.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin, sem fjallar um verksvið brunamálastofnunarinnar, er efnislega samhljóða 3. gr. gildandi laga.

Gerð er tillaga um nokkrar áherslu- og orðalagsbreytingar. Til skýringa á þeim skal eftirfarandi tekið fram:

b-liður: Hér er skýrar kveðið á um en í gildandi lögum að brunavarnaeftirlitið sé í höndum sveitarfélaga, en brunamálastofnun hafi á hendi yfirumsjón með því.

c-liður: Orðalagsbreyting.

e-liður: Hér er lagt til að skylda brunamálastofnunar til að mennta slökkviliðsmenn verði aukin og að undirbúin verði föst skipan hvað varðar slíka menntun og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

g-liður: Lagt er til að þessum lið í gildandi lögum verði skipt og seinni hluti hans gerður að h-lið. Um leið breytist stafamerking liða sem á eftir koma. Í hinum nýja g-lið er lögð áhersla á hlutverk brunamálastofnunar við kynningu og fræðslu fyrir hönnuði og tæknimenn sveitarfélaga.

Greinin þarfnast að öðru leyti ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein er mikið breytt frá 4. gr. gildandi laga. Segja má að hér komi fram tvær af meginbreytingartillögum nefndarinnar. Í fyrsta lagi, að öll sveitarfélög verði skylduð til að halda uppi brunavörnum nema ráðherra veiti sérstaka undanþágu. Í öðru lagi, að ákvæði um brunamálanefndir sveitarfélaga verði felld úr lögum.

Eftir nógildandi lögum ber kaupstöðum og kauptúnum, þar sem íbúar eru 300 eða fleiri, skylda til að halda uppi brunavörnum. Er þetta nánar skilgreint í 5. gr. gildandi laga þannig: „Brunavarnir eru m. a. í því fólgnar, að hlutaðeigandi sveitarfélag hafi slökkvilið, sem fullnægi þeim kröfum um öryggi, sem unnt er að krefjast miðað við aðstæður“. Samkvæmt þessari lagaskyldu eru nú 51 slökkvilið starfandi á vegum sveitarfélaganna, þar af á fáeinum stöðum sameiginleg fyrir samliggjandi staði. Auk þess hefur slökkviliðum verið komið á fót í flestum sveitarfélögum, þar sem eru minni þéttbýlisstaðir og einnig á nokkrum stöðum þar sem eru heimavistarskólar á framhaldsstigi, svo og í allmörgum hreinum dreifbýlishreppum. Á nokkrum svæðum landsins, þar sem svo hentar m. t. t. samgangna og fjarlægða, hafa sveitarfélög sameinast í brunavarnafélög um brunavarnir og slökkviliðsstarf. Er venjulega um að ræða nokkra dreifbýlishreppa ásamt miðstöð í stórum þéttbýlisstað með kjarna sameiginlegs slökkviliðs, og stundum einnig minni háttar útibú með slökkvibúnaði í hinum einstöku byggðum.

Auk þessa hefur verið komið á fót sérstökum slökkviliðum hjá stórum fyrirtækjum, t. d. Ísal og Áburðarverksmiðju ríkisins. Sýnir öll þessi þróun, að nauðsyn hefur þótt vera á skipulögðum brunavörnum langt út fyrir ramma gildandi laga. Einnig ber að hafa í huga, að sums staðar hefur myndast þéttbýli án fastrar búsetu, t. d. orlofs- og sumarhúsahverfi, þar sem veruleg þörf er á skipulögðum brunavörnum.

Af þessum sökum er lagt til, að sú breyting verði gerð á lögum um brunavarnir og brunamál, að öllum sveitarfélögum verði skylt að halda uppi brunavörnum. Sérstakar aðstæður, t. d. í dreifbýlishreppum gætu þó gefið tilefni til undanþágu, sem veitt yrði af ráðherra.

Þá er lagt til að stjórn brunamála í sveitarfélögunum verði gerð einfaldari, þannig að brunamálanefndir, sem kveðið er á um í gildandi lögum, skuli ekki lengur vera ákvörðunaradili um meðferð brota á lögum og reglugerð um brunavarnir og brunamál, heldur hafi slökkviliðsstjórar (með Brunamálastofnun ríkisins að bakhjarli) meira vald í þessu efni en nú.

Nánar er fjallað um þetta atriði í umsögn um 26. grein frumvarpsins hér á eftir.

Um 5. gr.

1. mgr. greinarinnar er efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga. 2. mgr. er nýmæli, en nauðsynlegt er talið fyrir sveitarfélögin að sett verði skýr reglugerðarákvæði um lágmarksbúnað og aðstöðu slökkviliða miðað við mismunandi aðstæður á hverjum stað.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Greinin er í meginatriðum samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Vegna afnáms brunamálanefnda, sbr. 4. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir taki við hlutverki þeirra um skipan manna í slökkvilið. Þá þykir rétt að hafa skuli hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna við ákvörðun þóknunar fyrir störf í slökkviliði.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. gildandi laga, en orðalagsbreytingar kveða skýrar á um einstök atriði.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að í stað orðanna „kaupstað eða kauptún“ kemur „sveitarfélag“ til samræmis við ákvæði 4. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga.

Orðalagsbreytingar sem gerðar eru á greininni þarfnast ekki skýringa.

Um 13.—17. gr.

Greinarnar eru samhljóða 14.—18. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 3. og 4. mgr. 19. gr. gildandi laga.

Lagt er til að felld séu niður ákvæði 1. og 2. mgr. 19. gr. gildandi laga um sérstaka skipun manna til að annast sötun og eftirlit með eldfærum. Vegna breyttrar hitunartækni hafa forsendur slíkrar skipunar að mestu horfið. Telja verður að með eldvarnaeftirliti slökkviliða sé séð fyrir þessum þætti.

Um 19. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 20. gr. gildandi laga. Orðalagsbreytingar þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. og 2. ml. 21. gr. gildandi laga. Í staðinn fyrir „brunamálanefnd“ kemur „slökkviliðsstjóri“, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 22. gr. gildandi laga, en hefur verið umskrifuð.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 25. gr. gildandi laga.

Um 23. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 26. gr. gildandi laga. Þar er kveðið svo á, að héraðsdómari (í Reykjavík sakadómur) skuli, eins fljótt og við verður komið, halda réttarrannsókn út af bruna til þess að komast að orsökum hans og atvikum öllum. Réttarrannsókn má þó falla niður ef brunatjón nemur ekki 10 000 kr. og eldsupptök eru kunn.

Hér er lagt til að krafa um lögreglurannsókn verði ótvíræð í öllum tilvikum, en réttarrannsókn sé háð sömu skilyrðum, þó að ekki sé tilgreind föst upphæð brunatjóns, sem miða skuli við. Er hæpið að gera slíkt á verðbólgu tímum og verður þetta atriði að metast hverju sinni.

Um 24. gr.

Um tekjustofna til reksturs Brunamálastofnunar ríkisins er kveðið á í 27. gr. gildandi laga um brunavarnir og brunamál.

Hingað til hefur aðeins tekjustofn skv. a-lið, þ. e. gjald af iðgjaldatekjum brunatrygginga komið til framkvæmda.

Setning gjaldskrár skv. b-lið hefur verið til umræðu en ekki enn náð fram að ganga.

Frá því að lögin gengu í gildi 1969, hafa orðið verulegar lækkanir á iðgjöldum brunatrygginga fasteigna, þannig að nú eru þau aðeins 45% af upphaflegri upphæð miðað við sama stofn.

Ekki hafa orðið slíkar lækkanir á iðgjöldum annarra brunatrygginga (lausafjártryggingar, heimilistryggingar). Þessar lækkanir hafa leitt af sér skerðingu á tekjustofni til brunamálastofnunar, þannig að miðað við hlutfallsskiptingu gjaldskyldra trygginga á árinu 1979 þyrfti gjaldið að hækka í 1,8% til að halda gildi sínu miðað við sama stofn.

Þá hefur mjög aukin verðbólga frá 1969 orðið til að skerða þennan tekjustofn, þar sem miðað er við iðgjaldatekjur ársins á undan.

Lætur nærri að gjaldið þyrfti að hækka í 2% til að halda gildi sínu miðað við sambærilegan stofn á árinu 1969.

Sem gagnrök hefur verið bent á að grunnupphæð tryggðra verðmæta (fasteigna og lausafjár) hafi að raungildi aukist mjög verulega frá 1969.

Nefnd sú er samdi frumvarp þetta setti í skýrslu sinni fram tillögu um æskilega uppbyggingu og starfsmannafjölda í Brunamálastofnun ríkisins. Samkvæmt þeirri tillögu hefði kostnaður við rekstur stofnunarinnar á árinu 1980 orðið um 100 millj. g.kr. Í tillögu sinni um breytingu á tekjustofnum til reksturs brunamálastofnunarinnar taldi nefndin rétt að fara bil beggja og lagði fram eftirfarandi tillögu um leiðrétta tekjustofna.

- 1) Miðað verði við iðgjaldatekjur yfirstandandi árs hverju sinni, skv. áætlunum tryggingafélaga og ákvörðun þeirra í ársbyrjun um iðgjöld.
- 2) Viðlagatrygging verði reiknuð með sem gjaldskyld trygging í þessu efni, þar eð hún innifelur brunatryggingu af völdum náttúruhamfara.
- 3) Gjaldstofninn hækki úr 1,25% í 1,5%.
- 4) Sett verði gjaldskrá skv. b-lið, sem a. m. k. taki til brunatæknilegrar úttektar atvinnuhúsnæðis, kostnaðar við útgáfu upplýsingarita o. s. frv.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 28. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Þessi grein fjallar um aðgerðir yfirvalda í héraði (sveitarfélagi) gagnvart brotum á lögum þessum og tilheyrandi reglugerð. Í gildandi lögum fjallar 29. gr. um sama efni. Þar er kveðið á um, að slökkviliðsstjóri skuli leggja slík mál fyrir brunamálanefnd sveitarfélags, sem ákveður hvort senda skuli málið til dómara. Einnig er þar kveðið á um vald brunamálanefnda til að ákveða dagsektir og/eða stöðvun rekstrar fyrirtækja.

Reynsla af þætti sveitarstjórna, eða brunamálanefnda kosinna af þeim, sem ákvörðunaradila í þeim efnum, sem hér um ræðir, er því miður ekki alltaf jákvæð. Þess eru allmörg og í stöku tilvikum mjög afdrifarík dæmi, að mál er varða brot á lögum og reglugerð um brunavarnir og brunamál hafi stöðvast hjá þessum aðilum, þar eð þeir hafi hikað við aðgerðir, t. d. gagnvart mikilvægum atvinnufyrirtækjum á staðnum.

Hér er því lagt til (sbr. einnig um 4. gr.) að lögskipað vald brunamálanefnda í þessu efni sé afnumið, en staða slökkviliðsstjóra með Brunamálastofnun ríkisins að bakhjarli sé styrkt og jafnframt skýrar kveðið á um skyldur þessara aðila til að kæra brot sem hér um ræðir.

Með þessu er reynt að hindra, að áhrifavald einstakra atvinnufyrirtækja í heimabyggð eða opinberra aðila, þar sem sjálf sveitarstjórnin getur jafnvel átt í hlut, geti orðið til að stefna öryggi gagnvart eldhættu og brunatjóni í tvísýnu.

Þá er ákvæði um upphæð dagsekta breytt þannig að þær geti fylgt verðlagsbreytingum.

Um 27. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 30. gr. gildandi laga að því viðbættu, að brunamálastjóri skal hafa samráð við félagsmálaráðuneytið um úrbætur á kostnað sveitarsjóðs.

Um 28.—32. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.